

**Útfararstofa kirkjugarðanna ehf, Útfararþjónusta borgarinnar ehf, Útfararmiðstöðin,
Útfararstofa Íslands og Félag íslenskra hljómlistarmanna
gera með sér svofellt
samkomulag
um greiðslur til söngvara starfandi við útfarir.
Gildir frá 1.8. 2026**

Fj.	Söngv.	Laun	Undir- bún.	Líf.sj.	Trygg- gjald	Sjúkra og orlofssj.	Fata- gjald	Orlof	Bifr. Gjald	Samt. á söngv.	Umsj. Gjald	Samt.
				8,00%	6,35%	1,25%		10,17%				
1	Einsöngur	48.882	2.287	4.094	3.890	640	160	5.204	1.117	66.273	0	66.273
2	Dúett	36.661	2.287	3.116	2.964	487	160	3.961	1.117	50.753	0	101.506
3	Trío	32.604	2.287	2.791	2.656	436	160	3.548	1.117	45.600	22.451	159.252
4	Quartett	26.888	2.287	2.334	2.223	365	160	2.967	1.117	38.341	22.451	175.814
5	Söngv.	24.451	2.287	2.139	2.038	334	160	2.719	1.117	35.246	22.451	198.681
6	Söngv.	23.146	2.287	2.035	1.939	318	160	2.587	1.117	33.588	22.451	223.981
7	Söngv.	22.625	2.287	1.993	1.899	311	160	2.534	1.117	32.927	22.451	252.940
8	Söngv.	22.223	2.287	1.961	1.869	306	160	2.493	1.117	32.416	22.451	281.776
9	Söngv.	21.112	2.287	1.872	1.785	292	160	2.380	1.117	31.004	22.451	301.491
10	Söngv.	20.584	2.287	1.830	1.745	286	160	2.326	1.117	30.334	22.451	325.792
11	Söngv.	20.069	2.287	1.789	1.705	279	160	2.274	1.117	29.681	22.451	348.937
12	Söngv.	19.567	2.287	1.748	1.667	273	160	2.223	1.117	29.043	22.451	370.971
13	Söngv.	19.078	2.287	1.709	1.630	267	160	2.173	1.117	28.422	22.451	391.938
14	Söngv.	18.601	2.287	1.671	1.594	261	160	2.124	1.117	27.816	22.451	411.880

2. gr. Helgarvinnuálag

Laugardaga og sunnudaga greiðist 42% álag á launaliði.

3. gr. Mæting

Söngvari skal mæta til starfa 15 mín fyrir athöfn. Þurfi söngvari að mæta fyrr eða á séræfingu greiðist samkvæmt 6. gr.

4. gr. Ákvæði um einsöng

Taxti einsöngvara miðast við 2 lög. Sé söngvari beðinn um að syngja fleiri lög hækkar gjaldið um 20% eða kr. 13.255,-.

Um annað skal samið sérstaklega.

5. gr. Hækkarir á samningstíma

a) Ofangreind launatafla tekur gildi 1. febrúar 2007 með grunnlaunavísitölu í desember 2002, 228,7 stig, vísitölu í des 2005 273,9, desember 2006 300,8 stig, desember 2007 326,6 stig, desember 2008 353,6 stig, desember 2009 366,5 stig, júní 2010 378,3 stig, desember 2010 383,1 stig og í júní 2011 405 stig, í desember 2011 418,2 stig. Júní 2012 433,1 stig, desember 2012 437,7 stig. Júní 2013 457,8 stig. Des 2013 463,8. Júní 2014 482,7 stig. Des.2014 494,6. Júní2015 517,1. Des. 2015 542,7. Júní 2016 581,6. Des. 2016 592,2. Júní 2017 623,8. Des. 2017 632,8. Júní 2018 660,9. Des. 2018 670,7. Júní 2019 689,3. Des.2019 700,7 stig. Júní 2020 735,7 stig. Des.2020 751,2. Júní 2021 792,7. Des 2021 806,0. Júní 2022 856,7. Des. 2022 905,6. Júní 2023 949,7. Des. 2023 966,3. Júní 2024 1.006,7. Des. 2024 1.027,8. Júní 2025 1.088,8. Des. 2025 1.100,1. Júní 2026 1.151,4.

b) 1. janúar 2004 3%

c) 1. janúar 2005 3%

e) Samningurinn fylgir launavísitölu og skulu laun uppreiknuð á 6 mánaða fresti, janúar og júlí ár hvert.

f) Tryggingagjald er samkvæmt ákvörðun Ríkisskattstjóra.

6. gr. Séræfingar vegna umfangs

Þurfi söngvari að mæta á æfingu vegna athafnar þar sem tónlistarflutningur er sérstaklega umfangsmikill eru æfingarlaun 50% af launum söngvara í 14 manna kór (samkv. launatöflu). Á hverja æfingu reiknast 1 klst í undirbúning og heimavinnu.

7. gr. Kistulagningar og söngur í garði

Við kistulagningu/söng í garði greiðist hverjum söngvara samkvæmt launum söngvara í 14 manna kór kr.27.816,-

8. gr. Laun umsjónarmanna

Laun umsjónarmanns kóra eru kr. 22.451 á athöfn. Umsjónargjald reiknast ekki á einsöng, dúett, kistulagningar og söng í garði

9. gr. Ferðir

Þurfi söngvari að ferðast milli sveitarfélaga (utan höfuðborgarsvæðisins) reiknast laun á klst. samkvæmt 50% af Launum söngvara í 14 manna kór (launaliður án undirbúnings) meðan á ferð stendur. Vegna notkunar á eigin bifreið söngvara greiðist samkvæmt ákvörðun RSK um bifreiðakostnað á km.

10. gr. Önnur atriði

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað í lausavinnusamning Félags íslenskra hljómlistarmanna.

11. gr. Gildistími:

Samkomulag þetta gildir frá 1.3 2003 til 31.12.2006 og framlengist um eitt ár í senn hafi því ekki verið sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.

12. gr. Ágreiningur

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Félagsdómi.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.

Reykjavík 13 /2 2003

F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna

F.h. Útfararstofu kirkjugarðanna

F.h. Útfararþjónustu borgarinnar ehf

F.h. Útfararmiðstöðvarinnar ehf

F.h. Útfararstofu Íslands